



UMSÖGN

Viðtakandi: Samráðsgátt stjórnvalda

Sendandi: Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Efni: Umsögn öldungaráðs um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk 2023 – 2027

Öldungaráð fagnar drögum að þingsályktunartillögu um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk 2023 - 2027.

Ráðið er með eftirfarandi athugasemdir.

E.1

Öldungaráð Reykjavíkurborgar leggur áherslu á mikilvægi þess að löggjafinn skilgreini opinberlega húsnæði fyrir eldra fólk til samræmis við það sem gert hefur verið við húsnæði fatlaðs fólks. Þannig að til verði opinber viðmið fyrir uppbyggingaraðila og hið opinbera fyrir alla tegundir húsnæðis og fjölbreytt búsetuform ætluð eldra fólki með fjölbreytta þjónustupörf. Viðmiðin nái til allra þátta ferilsins eins og byggingareglugerðar, þannig að viss sveigjanleiki verði til að breyta og aðlaga húsnæði eftir breyttri þjónustupörf eiganda/leigjanda. Í þessu sambandi leggur ráðið áherslu á að ekki einungis verði horft til fjölbreytta búsetuforma heldur líka til ytra umhverfis í kringum húsnæðið. Hvort tveggja með algilda hönnun að leiðarljósi og öruggt aðgengi að fjölbreyttri þjónustu og samgöngutengingum fyrir alla hópa eldra fólks.

Telur ráðið mikilvægt að ráðist verði í þarfagreiningu á mögulegri þörf á húsnæðisuppbyggingu fyrir eldra fólk næstu 50-60 árin þar sem horft verði til hækkandi lífaldurs, breyttrar samfélagsgerðar og mannfjöldaspár Hagstofu Íslands samhliða samþættingu á þjónustu við eldra fólk eins og þingsályktunartillagan leggur upp með. Að lokum styður ráðið að kannað verði vilji þjóðarinnar um hvernig ólík aldurskeið sjái fyrir sér að búa þegar þau eldast. Hvernig samfélag viljum við búa í ? Hvernig samfélag viljum við eldast í ? Með því að spyrja ólík aldurskeið telur öldungaráðið að hægt verði að koma til móts við komandi kynslóðir og styðja uppbyggingu sveitarfélaga í landinu til að tryggja rétta uppbyggingu til lengri tíma lítið.